

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/957*  
*komudagur 6. 2. 2004*



Alþingi  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

AKADEMÍSK STJÓRNSÝSLA

Reykjavík, 4. febrúar 2004

*Tilvísun: HI03120012/004*

Við er til bréfs yðar dags. 1. desember 2003, þar sem óskað er eftir umsögn um tvö lagafrumvörp, annars vegar frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna, 313. og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi með síðari breytingum. Háskólaráð hefur fjallað um bæði frumvörpin og samþykkt á fundi sínum meðfylgjandi umsögn af hálfu Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst  
f.h. háskólarektors

Amalía Skúladóttir  
skrifstofustjóri

Fylgiskjöl:

1. Umsögn Háskóla Íslands um tö lagafrumvörp, dags. 29. janúar 2004
2. Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna, dags. 27. júní 2003.

## **Umsögn Háskóla Íslands um tvö lagafrumvörp** **Samþykkt í háskólaráði 29. janúar 2004**

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Háskóla Íslands um tvö lagafrumvörp, sbr. bréf dags. 1. desember 2003. Þann 9. desember var deildum gefinn kostur á að gefa umsögn um frumvörpin. Umsagnir bárust frá lyfjafræðideild og raunvísindadeild.

**1) Frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna.** Háskólinn hefur þegar gefið umsögn, dags. 27. júní 2003, um frumvarp þetta á fyrri stigum þess að ósk iðnaðarráðuneytisins og er hún meðfylgjandi. Í umsögninni kemur fram að Háskólinn styður frumvarpið í meginatriðum.

Fyrir utan tvær smávægilegar orðalagsbreytingar í 6. gr. og 7. gr. hefur verið gerð ein efnisbreyting frá fyrri gerð frumvarpsins. Sérstakt refsí- og réttarfarsákvæði (9. gr.) hefur verið fellt brott og er það í samræmi við áður nefnda umsögn Háskóla Íslands, þar sem bent var á að ákvæði af þessu tagi væri óþarfi.

*Afstaða Háskólans til frumvarpsins hefur ekki breyst, en hann styður frumvarp þetta í meginatriðum en þó með þeim ábendingum sem fram komu í umsögninni frá í júní 2003.*

Háskólinn vill ennfremur vekja athygli á meðfylgjandi umsögum lyfjafræðideildar og raunvísindadeildar. Í umsögn **lyfjafræðideildar** segir m.a. að lög, byggð á frumvarpinu, gætu haft letjandi áhrif á samstarf við fyrirtæki og valdið auknum kostnaði fyrir Háskólann vegna einkaleyfaverndunar. Þá segir í umsögninni að samningar Háskólans um hagnýtingu hugverka við starfsmenn þurfi að vera þannig úr garði gerðir að þeir örvi rannsóknir starfsmanna. Ennfremur er varað við að skilgreining á hugtakinu “uppfinning” sé of þröng. Samkvæmt frumvarpinu nær hugtakið eingöngu til uppfinninga sem uppfylla skilyrði einkaleyfaumsóknar. Þessi ábending er efnislega samhljóða umsögn Háskólans frá í júní 2003.

Í umsögn **raunvísindadeildar** segir m.a. að gera þurfi greinarmun á starfsmönnum sem búa við rannsóknafrelsi og öðrum starfsmönnum sem lúta verkstjórn í rannsóknum sínum. Þá telur deildarráð, andstætt frumvarpinu, að starfsmaðurinn eigi sjálfur að fara með hagnýtingarréttinn og ákveða hvort hann semur við Háskólann eða t.d. fyrirtæki um hagnýtingu eða sameiginlega einkaleyfisumsókn. Þá er varað við að erfitt geti reynst að tilgreina hvort, eða hvenær í rannsóknferlinu, tiltekið hugverk telst til uppfinningar. Ennfremur gæti það verið álitamál hvort tiltekin uppfinning er á verksviði starfsmanns.

**2) Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi með síðari breytingum.** Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um einkaleyfi vegna tilskipunar Evrópusambandsins (98/44/EB) um lögverndun uppfinninga í líftækni. Ekki komu fram athugasemdir frá deildum um frumvarpið. *Háskólinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og styður það.*

## **Umsögn deildarráðs raunvísindadeildar um frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna**

1. Deildarráð telur eðlilegt að gera greinarmun á starfsmönnum sem eru sjálfstæðir rannsakendur eða verkefnisstjórar sem stunda rannsóknir að eigin frumkvæði annars vegar (t.d. háskólakennarar og sérfræðingar/fræðimenn/vísindamenn með rannsóknafrelsi) og hins vegar starfsmönnum við rannsóknaverkefni sem lúta verkstjórn. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa sérákvæði um hvorn þessara tveggja hópa. Undir síðari hópinn mundu falla starfsmenn sem ráðnir eru að verkefnum undir stjórn þeirra sem falla undir fyrri hópinn.
2. Það er skilningur deildarráðs að samkvæmt núgildandi íslenskum rétti séu uppfinningar þeirrarstarfsmanna Háskóla Íslands sem starfa sem sjálfstæðir rannsakendur alfarið þeirra eign og að með frumvarpinu sé gert ráð fyrir að sú eign að hluta til af þeim tekin.
3. Deildarráð telur jákvætt að settur sé á laggirnar farvegur fyrir starfsmenn til að afla einkaleyfis á uppfinningum sínum. Eðlilegt sé að ef stofnunin tekur að sér að sækja um og viðhalda einkaleyfi komi á mótí hlutdeild í uppfinningunni og einkaleyfinu. Hins vegar ætti starfsmaðurinn að eiga val um hvort hann fer þannig með eign sína eða hvort hann fer aðra leið, t.d. með því að sjá sjálfur um einkaleyfisumsókn eða semja um það við einkafyrirtæki.
4. Bent er á að það getur verið álitamál hvenær rannsókniferli er þannig komið að hægt sé að tala um uppfinningu. Mismunandi skilningur á þessu gæti leitt til þess að starfsmaður yrði óviljandi sekur um að spilla hugsanlegum einkaleyfishagsmunum.
5. Ákvæði um þriggja mánaða frest atvinnurekanda til að ákveða hvort um einkaleyfisumsókn verði að ræða gæti, til dæmis vegna skorts á nægilega skjótri faglegri umfjöllum, leitt til ónýtingar einkaleyfismöguleika (skorts á forskoti).
6. Það gæti í sumum tilvikum verið álitamál hvort eða hvenær uppfinning er á verksviði starfsmanns.


## **Umsögn deildarráðs raunvísindadeildar um frumvarp til laga um einkaleyfi**

Þar sem frumvarpið fjallar fyrst og fremst um aðlögun íslenskrar löggjafar að milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að gerir raunvísindadeild ekki athugasemdir við það.

*Samþykkt í deildarráði 14. janúar 2004*

## HÁSKÓLI ÍSLANDS

Erlykill:	004	Áttal:	TÞ
Fskj.:	0		
Móttækid:	14 JAN 2004		
Bokað:	<input type="checkbox"/>	Málsnr.:	HIA3120012



UNIVERSITY OF ICELAND  
FACULTY OF PHARMACY

Háskóli Íslands  
rannsóknasvið  
B.t. Halldórs Jónssonar  
Aðalbyggingu H.Í.

Reykjavík, 12. janúar 2004.

*Efni: Umsögn lyfjafræðideildar um "Frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna".*

Lyfjafræðideild hefur fjallað um frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Margir kennarar og starfsmenn Háskóla Íslands eiga í rannsóknasamstarfi við erlend og innlend fyrirtæki. Í flestum tilfellum gera fyrirtækin kröfu um hlutdeild í væntanlegum uppfinningum. Það er skoðun deildarinnar að lögin geti haft letjandi áhrif á slíkt samstarf og þar með dregið úr rannsóknvirkni.
2. Samkvæmt 1. gr. laganna ná þau einungis til þeirra hugverka sem eru einkaleyfishæf en ekki til annarra hugverka sem eru hagnýtanleg eða vernduð af höfundarrétti. Telja verður réttlætismál að sömu ákvæði gildi um hugverk starfsmanna þannig að jafnræði ríki. Skilgreining 1. gr. á orðinu "uppfinning" er því of þröng.
3. Ástæða er til að benda á að ef opinber stofnun eins og Háskóli Íslands tekur að sér að fjármagna, sækja um og/eða markaðssetja uppfinningar þá gengst stofnunin um leið undir ákveðnar skuldbindingar gagnvart uppfinningamanninum. Ljóst er að það getur kostað tugi milljóna króna að sækja um einkaleyfisverndun á einni uppfinningu og viðhalda verndinni á meðan reynt er að markaðssetja hana. Ef opinber stofnun stendur ekki við sínar skuldbindingar þá getur viðkomandi uppfinningamaður væntanlega farið fram á einhverjar skaðabætur. Verði frumvarpið að lögum mun það leiða til kostnaðarauka fyrir Háskóla Íslands.
4. Fram kemur í 2. gr. að lögin eru frávikjanleg þannig að það er undir stofnuninni (fyrirtækinu) komið hvernig það semur við starfsmenn. Áriðandi er að við þá samingna sé þess vandlega gætt að þeir verði til þess að örva rannsóknir en ekki til þess að letja starfsmenn við að koma hugverkum sínum á framfæri.

f. h. lyfjafræðideildar,  
Virðingafyllst,

Þorsteinn Loftsson  
deildarforseti

Fylgibréf frá rektor

Jón Ögmundur Þormóðsson  
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. júní 2003

Vísað er til bréfs yðar dags. 6. maí 2003, þar sem óskað er eftir athugasemdum við frumvarp um uppfinningar starfsmanna. Meðfylgjandi er umsögn Háskóla Íslands.

Páll Skúlason...

# Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna

Reykjavík 27. júní 2003

Fyrir liggur erindi frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, dags. 6. maí 2003, þar sem óskað er eftir athugasemdum við frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna. Á fundi háskólaráðs þann 22. maí sl. fól háskólaráð hugverkanefnd að undirbúa umsögn ráðsins í samráði við deildarforseta. Á fundi háskólaráðs þann 26. júní var lagt fram minnisblað með drögum að umsögn hugverkanefndar ásamt umsögnum raunvísindadeildar og læknadeildar.

*Það var niðurstaða ráðsins að Háskóli Íslands styður frumvarp þetta í meginatriðum með hliðsjón af þeim ábendingum sem fram koma hér að neðan.*

## Helstu atriði frumvarpsins

1. Frumvarpið takmarkast við uppfinningar sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir.
2. Byggt er á danskri löggjöf. Þó er lagt fram eitt frumvarp um uppfinningar allra starfsmanna, þ.e. frumvarpið tekur til starfsmanna í háskólum, starfsmanna annarra opinberra aðila og þeirra sem starfa hjá einkaaðilum. Í Danmörku eru sérstök lög um uppfinningar háskólamanna.
3. Meginreglan um uppfinningar hefur verið sú að uppfinningamaður á hagnýtingarréttinn af verkum sínum nema um annað sé samið. Verði frumvarp þetta að lögum getur atvinnurekandi krafist framsalsréttar yfir uppfinningunni.

*Þetta felur m.a. í sér:*

- a) Tilkynningarskyldu starfsmanns. Óski atvinnurekandi eftir því að öðlast rétt til uppfinningarinnar skal hann skýra starfsmanni frá því innan þriggja mánaða.
- b) Þriggja mánaða biðtíma. Starfsmanni er óheimilt að upplýsa aðra um efni uppfinningarinnar.
- c) Að starfsmaður á rétt á sanngjörnu endurgjaldi ef atvinnurekandi öðlast hagnýtingarréttinn. Gert er ráð fyrir því að stofnun eða fyrirtæki semji við starfsmann um sanngjarnt endurgjald á grundvelli tiltekinna meginssjónarmiða. Athygli er vakin á því að Háskóli Íslands og Landspítali – Háskólasjúkrahús hafa þegar sett sér verklagsreglur um samningsgerð um hagnýtingu hugverka starfsmanna stofnananna og falla þær í meginatriðum vel að frumvarpinu.

## Umsögn Háskóla Íslands

Það er mat Háskóla Íslands að það sé kostur að hafa ein lög um þetta efni fremur en tvönn eins og í Danmörku, enda er afar lítill munur á ákvæðum dönsku laganna. Rétt er að benda á að í Noregi eru ein lög um þetta efni (frá 1. janúar 2003). Háskóli Íslands telur að margt mæli með því að viðkomandi stofnun hafi framsalsrétt til uppfinningar. Tilkynningarskyldan felur í sér að allar uppfinningar koma til skoðunar áður en efni þeirra er birt. Verndun uppfinningar er um margt flókið ferli. Álitíð er að Háskólinn sé að

jafnaði betur í stakk búinn en hver einstakur vísindamaður til að vernda uppfinningar, t.d. með umsókn um einkaleyfi og viðhaldi þess.

*Eins og að framan greinir styður Háskóli Íslands frumvarpið í meginatriðum en vill sérstaklega óska eftir að neðangreind atriði verði tekin til skoðunar:*

1. Skilgreining hugtaksins uppfinning er of þröng, en samkvæmt frumvarpinu nær hún eingöngu til uppfinninga sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir hér á landi. Frumvarpið nær sem sagt ekki til hugverka sem ekki uppfylla skilyrði einkaleyfaumsóknar, en eru engu að síður hagnýtanleg, t.d. með stofnun sprotafyrirtækis.
2. Ekki er talin ástæða til að vera með sérstakt refsíákvæði sbr. 9. gr. frumvarpsins, enda eru hagsmunir stofnana fulltryggðir með almennum skaðabótarétti. Refsíákvæði af þessu tagi er til þess fallið að valda tortryggni gagnvart frumvarpinu en afar ólíklegt verður að teljast að á slíkt ákvæði muni reyna.
3. Ekki er skýrt samkvæmt frumvarpinu hvort stúdentar, t.d. í rannsóknanámi, hafa stöðu starfsmanna og þar með hvort Háskólinn hefur framsalsrétt gagnvart mögulegum uppfinningum þeirra. Skýra þarf stöðu stúdenta hvað varðar rétt til uppfinninga.